

Almanak

FYRIR ÁRID

1905

sem er 1. ár eftir blaupár og 5. ár eftir sumaranka



VI. ÁR.



Útgefandi: S. B. BENEDICTSSON.



Winnipeg.

Prentað í prentsmíðju FREYJU

1904.


kallar skáldskap, telzt hann því í röð starfandi skálda fyrir vestan haf. Ekki hefir hann staðist við að senda mér eintak núna, svo ég get eigi sagt neitt um ágæti ritsins, það verður að bíða næsta árs.

Framan skráðir ritdómar meiga skoðast eins ófullkomnir og hver vill, ég skrifa þá ekki með þeirri trú, að ég einn hafi vit á að dæma þessi verk eða að ekki hefði mátt segja betur og viturlegar en ég hefi gjört. En ég hefi verið að reyna að dæma eftir minni eigin skoðun og sérstaklega reynt að fylgja þeirri reglu er ég álit að ritdómarar ættu að fylgja, að vera *ekki* hlutdræg urí dómi, heldur viðurkenna eins kostina hjá skoðana andstæðingnum, eins og skoðanabróðurnum. Og sömuleiðis benda eins skýlaust á gallana hjá vini sem mótstöðumanni.

Legg ég svo frá mér þetta verk að sinni og óska og vona að hafa enn meira gott að segja um vestur-ísl. bókmenntir að ári.

Ég vildi hvetja hina yngri menntamenn vora til að leggja eitthvað í bókmennta sjóðinn, og láta það ekki gleymt, að menntaður maður þarf ekki nauðsynlega að vera skólalærður. Skólanámið er gott til undirbúnings undir menntun, en það eitt er ekki menntun. Og hitt að sumir óskólagengnir menn hafa náð hœrra menntunarstigi en hundrað, já þúsund skólagenginna manna. Leikmaður í þessu landi hefir öll skilyrði til að verða sann-menntaður ef hann eigi starir of fast á skólanáms titla, sem í raun og veru eru ekkert annað en vörustimpill skólamenntunarinnar til þess að þekkja skóla gengnu herrana frá hinum námsmönnum, þeir yrðu mäske annars teknir fyrir asna eða naut í staðin fyrir B. A. próf. og þ. h.

S. B. Benedictsson.



ÁNAUD VORRA TÍMA.

(The Slavery of Our Times.)

EFTIR

Leo Tolstoy.

XIII. kapituli, þýddur af *Margrétu J. Benedictsson.*

:o:

HVAÐ ERU STJÓRNIR? ER MÖGULEGT AÐ LIFA ÁN ÞEIRRA?

Orsökina til eymdarástands vinnulýðsins er þrældómur. Orsök þrældómsins er löggjöf. Löggjöfin byggist á *reglubundnu ofbeldi*.

Afleiðingin er sú, að endurbót á kjörum fólksins er því aðeins möguleg að þetta ofbeldi sé afnumið.

„En reglubundið ofbeldi er stjórn, og hvernig getum ver lifað án hennar? Án stjórnar fer allt á ringulreið—verður að anarký. Allar framkvæmdir siðmenningarinnar verða að engu og fólknið hverfur aftur til síns upprunalega villu-ástands.“

Það er vanalegt, að ekki einungis þeir, sem hafa beina hagsmuni af núverandi stjórnarfyrikomulagi, heldur og hinir, sem beinlínis líða við það, en eru svo sósaðir orðnir af vananum, að

þeir álfta ekki mögulegt að lifa án reglubundins ofbeldis, segja, að vér meigum ekki drepa fingri við því, því áfnámi þess fylgi allskonar óhamingja, svo sem upphlaup, þjófnaður, morð og fl. þ. h. og að lokum hrífsi verstu mennirnir völdin til sín og gjöri allt góða fólkið að ánauðugum þrælum.

Án þess nú að taka það til greina að allt þetta, sem á að fylgja stjórn inna vondu og þrælkun inna góðu er einmitt það sem daglega á sér stað, þá sannar óttinn fyrir óreglu þeirri er verða muni í heiminum, sé núverandi stjórnarfyriřkomulagi breytt frá því sem er, engan veginn, að núverandi fyrirkomulag sé gott.

„Snertið einungis við núverandi þjóðfélags-skipun og mun því fylgja hin mesta bölvun.“

Snertið einungis einn tıgulstein af fleiri þúsundum hlöðnum í mjóan stöpul margra feta háan, og mun þá hleðslan hrynja til grunna. En það út af fyrir sig, sannar engan veginn að hyggilegt væri að geyma steinana í slíkum stellingum, þvert á móti sannar það einmitt hið gagnstæða n.l. það, að steinunum ætti að hlaða svo, að hleðslan væri stöðug og þægilegt væri að grípa til þeirra hvenær sem á þeim þyrfti að halda.

Sama gildir með núverandi stjórn, því hún er nú, í fylsta máta óeðlileg og ótryggileg. Og það, að það þolir engan mótblástur eða áreynzlu, sannar ekki að hún sé nauðsvnleg, heldur hitt, að þó hún hafi einhvern tíma verið það, sé hún það ekki lengur, og sé þess vegna skaðleg og hættuleg.

Stjórnin er skaðleg og hættuleg af því að áhrif hennar á hið illa í félagslífinu, eru ekki bætandi eða leiðréttandi, heldur styrkjandi og eflandi.

Það illa er eflt og styrkt annaðhvort með því, að gjöra það ásjálegt og eftirsóknarvert, eða með því, að fela það.

Vellíðan fólksins, þar sem vel er stjórnað—af ofbeldis-stjórn, er ekki nema á yfirborðinu. Öllu sem ýft gæti útlitsfegurðina, n. l. hinum hungurðu, veiktu og óeyrðagjöřnu og þrjósku er haldið í skugganum hvar þeir sjást ekki. En það, að þeir sjást ekki, sannar ekki að þeir séu ekki til, heldur sannar það hið gagnstæða. Því betur sem þeir eru geymdir í skugganum, því meira fjölgar þeim, og þess meira sem þeim fjölgar, þess verri verða þeir þeim, sem valdir eru að kjörum þeirra. Satt er það þó, að sérhver truflun á núverandi fyrirkomulagi, eða á valdstjórnarlegum framkvæmdum (reglubundnu ofbeldi) truflar þessa ytri vellýðun, sem á yfirborðinu skín. En þessi truflun orsakar enga nýja óreglu, heldur leiðir einungis í ljós, það sem í myrkrunum var hulið og gjörir með því, endurbót mögulega.

Allt til loka 19. aldar stóð allur fjöldi fólks í þeirri meiningu, að án valdstjórnar gæti það ekki lifað. En tíminn heldur áfram og hugsunarháttur fólksins breytist, svo að þrátt fyrir allar tilraunir ríkisstjórnanna til að halda því í þeim barndómi, sem kemur sjúkum manni til að finna hugfró í því, að geta kvartað fyrir einhverjum, er nú fólkið—einkanlega verkalyðurinn bæði í Evrópu og á Rússlandi tekið að þokast svo áfram, að hann er farinn að sjá og skilja sannleikann í öllu þessu.

„Þér segið oss, að vér yrðum yfirunnir af nágranna-þjóðunum— svo sem Kínum og Jöpum, ef þér ekki vernduð oss.“ En nú segja menn fólksins: „Vér lesum blöðin og vitum að enginn ógnar

oss, og að það eruð einungis þér, stjórnin, sem af einhverjum óskiljanlegum ástæðum reitid þær til reiði og undir því yfirskini að vernda oss—yðar eigið fólk, leggið á oss óbærilega skatta, til þess að viðhalda herskipaflota, herbúnaði og járnbrautum, sem eru til þess eins nauðsynlegar, að fullnægja hégómagirni yðar og metnaði, og komið yður svo saman um að leggja út í stríð, eins og nú hafið þér gjört við hina friðsömu Kína. Þér segist tryggja oss landið, en gjörið þó hið gagnstæða, því undir landeigna-verndunarlögum yðar, gengur það úr greypum fólksins, sem yrkir það og ræktar, til ríkra auðfélaga, sem ekkert vinna og vér,—fólkið sem vinnum, verðum ánauðugir þrælar þeirra, sem ekki vinna. Þér segist tryggja hverjum manni ágóða erfiðis hans, en gjörið þó hið gagnstæða, því þá sem framleiða verðmæta muni, kúgið þér svo með yðar fólksku verndunarlögum að þeir, í stað þess að fá það sem þeim ber, verða alla sína æfi ánauðugir þrælar þeirra, sem *ekkert* gjöra.“ Þannig tók fólkið að hugsa fyrir aldamótin 1900. Þá tók það að rumskast af inum langa, þunga dvala, sem valdstjórnirnar höfðu haldið því í, og það hefir vitkast furðu fljótt, því á s. l. sex til sjö árum hefir hugsunarháttur þess breytt ótrúlega mikið, ekki einungis í stórborgunum, heldur og í smábæjunum líka, og ekki í Evrópu einungis, heldur og einnig hjá oss heima á Rússlandi.

Því hefir einnig verið haldið fram, að án valdstjórnar hefðum vér ekkert af þeim menntastofnunum, sem nú höfum vér, og sem eru svo nauðsynlegar.

Hví skyldu menn nú ætla slíkt? Hví ímynda

sér að embættislaus þjóð geti ekki ráðið ráðum sínum alveg eins vel og þeir er að völdum sitja, ráða þeim—ekki fyrir sig sjálfa vel að merkja, heldur fyrir aðra?

Vér vitum að hið gagnstæða á sér hvervetna stað, og að vorra tíma fólk ræður ráðum sínum óútsægjanlega mikið betur en valdstjórnin gæti gjört það. Án nokkurar valdstjórnarlegrar aðstoðar og oftlega þvert ofan í hana myndar fólkið allskonar félög, svo sem verkamannafélög, sameignarfélög, járnbrautafélög, og auðmannafélög. Skyldi nú þurfa fé til opinberra starfa, hví skyldi maður þá ekki ætla, að hin nauðsynlega upphæð fengist hjá frjálsu fólki með frjálsum samskotum, án ofbeldis-skattálaga, svo framarlega sem hin umræddu opinberu störf væru almenningi til sameiginlegra hagsmuna? Hví geta menn ekki ímyndað sér dómstól án ofbeldis, þar sem hann þó er og hefir æfinlega verið til í heiminum,—nokkurskonar þjóð-réttur, (dómstóll) sem fólkið ber fullt traust til, og ekki hafði neitt kúgunarvald, né heldur þurfti á því að halda. Vér erum svo spilltir orðnir af langvarandi kúgunarvaldi að vér getum ógjarna ímyndað oss stjórn án kúgunar. Og þó er þetta ekki alveg rétt, því þær lýðlendum, sem til hafa orðið á yztu takmörkum hins rússneska veldis, þar sem armar rússnesku stjórnarinnar náðu ekki til eða þótti ekki ómaksins vert að seilast eftir, hafa þroskast og blessast langt fram yfir það er hinar gjörðu, er stóðu nær hjarta stjórnarinnar, allt þar til að sögð stjórn tók að skifta sér af málum þeirra. Það er engin sýnileg ástæða til að ímynda sér, að fókið gæti ekki á sama hátt komið sér saman um það, hvernig best

væri að framleiða brauðið úr jörðunni án valdboðs frá nokkuri ofbeldisstjórn.

Ég hef líka þekkt fólk—Kósakkana í Oural, —sem ekki viðurkennir einstaklings eignarrétt á landinu, og í héraði því var svo mikil vellíðan, að slíkt sézt ekki, þar sem eignarrétturinn á landinu er verndaður með ofbeldislögum. Einnig þekki ég fólk, sem viðurkennir ekki einusinni séreign á lausafé. Það var og sú tíð, að og það í mínu minni, að rússneski bændalýðurinn viðurkenndi ekki landeignarhugmyndina.*

Lögvernd landeignarréttarins afnemur ekki eftir sóknina eða baráttuna fyrir landinu, heldur eykur hana, auk þess er hún í mörgum tilfellum bein orsök hennar.

Væri þessi lögverndun á landinu og þar afleiðandi stöðug hækkun á verði þess ekki til myndi fólkíð ekki þyrpast saman á ofurlitlum blettum, eins og nú gjörir það, heldur dreyfa sér út um hið

*—Bænda-ánauð (serfdom) var lögleidd í kringum 1597 af Boris Godunóf. Þessi ánauð var í því innifalin, að bændur máttu ekki fara af einu landi á annað, heldur urðu að vera þar sem þeir voru komnir—fylgja landinu mann fram af manni, sem óaðskiljanlegur hluti þess. Skilningur bændanna á þessum lögum var sá, að þeir heyrðu drottnum sínum til, en að landið tilheyrði þeim sjálfum. „*Vér crum yðar, en landið er vort,*” var almennt viðurkennt, þar til Alexander II. leysti þá úr þessari ánauð, og brugðust bændum þá beztu vonir er þeir sáu, að bújörðum þeirra var skift til helminga með þeim og fyrverandi drottnum þeirra. [Þýð.]

ónumda land, sem enn þá er mikið til af í heiminum. En undir núverandi landverndunarlögum heldur þessi barátta fyrir eign og umráðum landsins stöðugt áfram, háð með vopnum þeim er valdstjórnin leggur þeim í hendur er þetta stríð heyja. Og í þessari baráttu veitir þeim vanalega miður, sem landið yrkja heldur en gagnsækjöldum þeirra, sem annaðhvort eru í tölu þeirra er valdstjórnirnar mynda, eða fyrir hagsmunalegan sameiginlegleika standa stjórnendunum nær en starfsmaðurinn, og hafa því ófinlega betra tækifæri.

Sama á sér stað viðvíkjandi framleiðzlu vinnunnar. Hlutir þeir sem maðurinn virkilega framleiðir með vinnu sinni og sem hann þarfnast eru vanalega verndaðir af siðvenjum, almenningsáliti og réttlætistilfinning fjöldans og þarf því ekki að verndaast með ofríkislögum af ofbeldisstjórn. En þúsundir ekra af skóglandi, sem er eins manns eða félags eign, þurfa á ofbeldisvernd að halda, þegar rétt við hliðina á því landi eru þúsundir manna, sem engan eldivið hafa. Sama er að segja um verkstæðin, þar sem verkalyðurinn hefir verið afskiftur mann fram af manni um marga tugi ára. Hið sama gildir og ekki hvað sízt um hveitikornið, þegar því er af einum eða fleiri mönnum hrúgað saman á einum stað í milljóna skepputali, og þar geymt þangað til hungursneyð kemur upp í landinu og þeir geta svo selt skeppuna á þreföldu verði. En enginn maður er svo spilltur, nema hann annaðhvort sé auðugur eða í stjórnarsæti að hann leyfi sér að taka með ofríki frá náunga sínum uppskeruna, sem hann framleiddi úr jörðunni með erfiði sínu, eða kúna, sem hann ól upp til að mjólka börnunum sínum, eða orfið hans

og skófluna. Vær sá maður til sem virkilega leyfði sér að taka slíka hluti frá náunga sínum, er þarfn- aðist þeirra og hefði framleitt þá; myndi hann á- vinna sér svo mikla fyrirlitningu hjá öllum, sem við lík lífskjör byggju, að hann kæmist brátt að raun um að það hefði hvorki verið ábatasamt eða hyggilegt verk. Sá maður sem svo værigjörspillt- ur að gjöra slíkt undir framansögðum kringumstæð- um, myndi einnig leyfa sér að gjöra slíkt hið sama í nákvæmu samræmi við ofbeldislögverndun. „Reynið aðeins að afnema eignarréttinn á landinu og ágóða vinnunnar og mun þá enginn fást til að vinna, vantandi trygginguna fyrir ágóðanum af vinnu sinni,“ segja menn. Vér ættum að snúa því við og segja: Sú ofbeldis lögvernd á rangfengn- um eignarrétti, sem nú er tíðkanleg, hefir að mun veikt, ef ekki alveg eyðilaggt eðlilega samvizku- semi og réttlætis tilfinningu manna á notkun hluta — það er eðlilegur, meðfæddur eignarréttur — sem mannkynið gæti ekki lifað án, og hann einatt hefir átt sér stað og enn á sér stað manna á meðal.

Þess vegna er engin ástæga til að ætla, að fólk gæti ekki komist af — ráðið ráðum sínum á þess að hafa lögbundna ofbeldis valdstjórn til að gjöra það fyrir sig.

Það er vitanlega hægt að sýna fram á að hesr- ar' og naut verði að stjórnast með ofbeldi af skynsemi gæddum verum — mönnum. En hví verða menn að láta stjórnast af sér engu hærra eða fullkomnari verum — mönnum á sama stigi og þeir eru sjálfir? Hvers vegna þarf fólk að láta ofríkisvaldi þeirra er að völdum sitja í þann eða þann svipinn? Hvað sannar að þeir séu vitrari eða betri en fólk, sem þeir drottna yfir — kúga?

Það út af fyrir sig, að þeir leyfa sér að beita yfirgangi við aðra menn, sannar að þeir séu ekki vitrari en hinir, sem líða þeim að beita honum. Próf sem menn verða að standast í Kína til þess að komast í stjórnarembætti, sannar engan vegin það, að vitrustu og beztu mennirnir nái þeirri stöðu. Og álíka góð ástæða er til að ímynda sér að þeir sem bornir eru til valda, séu vitrasta og bezta fólk, og sama er að segja um þá, sem vissar vélar (klikkur) hefja til valda og metorða, og menn þá er komast á þing fyrir atkvæðamagn, þar sem lýð- stjórn er á komin. Reynzlan sýnir að þeir hrifsa æfinlega völdin, sem minnst hafa af samvizkusemi, og siðgæði.

Menn spyrja: “Hvernig má fólk lifa án vald- stjórnar — þ. er án ofbeldis?” Spurningin ætti að vera á þessa leið: „Hvernig má skynsemi gætt fólk lifa, og viðurkenna, að meigin þáttur þess, er teng- ir þjóðfélagið saman, sé ofbeldi, en ekki skynsam- legt samkomulag?“

Eitt af tvennu verður að eiga sér stað. — Ann- aðhvort er fólk skynsemigæddar verur eða það er ekki. Sé það ekki skynberandi, þá er allt sem fram fer hjá því óskynsamlegt, og úrræðin í öllu, ofbeldi einungis, og þá er engin ástæða til þess, að ein- ungis nokkuð af því hafi rétt til að beita hitt of- ríki, og í þessu tilfelli hefir stjórnarfarslegt ofbeldi alls enga afsökun. Sé nú fólk skynsemi gæddar verur, þá ættu viðskifti þess að vera byggð á skyn- samlegum grundvelli, en ekki ofbeldi þeirra, sem hrifsað hafa valdið í sínar hendur. Og þess vegna hefir og valdstjórnalegt ofbeldi í þessu tilfelli alls enga afsökun.

